

Vestmannaeyjaferjan Herjólfur ohf.  
Ársreikningur 2025

Vestmannaeyjaferjan Herjólfur ohf.  
Básaskersbryggju 2  
900 Vestmannaeyjar

Kt. 420718-1280

# Efnisyfirlit

---

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra .....	3
Áritun óháðs endurskoðanda .....	4
Rekstrarreikningur .....	5
Efnahagsreikningur .....	6
Sjóðstreymisyfirlit .....	7
Skýringar .....	8

# Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Starfsemi félagsins felst í ferjusiglingum á milli Vestmannaeyja / Þorlákshafnar samkvæmt samningi við Íslenska ríkið.

Rekstrartekjur félagsins námu 2.382 millj. kr. á árinu 2025 og hækkuðu um 155 millj. kr. milli ára eða um 7%. Hagnaður félagsins á árinu 2025 nam 100 millj. kr. (2024: 98 millj. kr. )

Eigið fé félagsins í árslok nam 466 millj. kr. (2024: 367 millj. kr.) að meðtöldu hlutafé félagsins að fjárhæð 150 millj. kr. Stjórn félagsins leggur til að ekki verður greiddur arður til hluthafa á árinu 2026 en vísar að öðru leyti til ársreikningsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.


Meðalfjöldi starfsmanna félagsins á árinu umreiknaður í heilsársstörf (ársverk) var 57 (2024: 58). Karlar eru 52% starfsmanna félagsins í árslok en konur 48%. Í stjórn félagsins eru þrjár konur og tveir karlar og uppfyllir félagið því ákvæði laga um hlutafélög um kynjahlutföll stjórnarmanna.


Hlutafé er að fullu í eigu Vestmannaeyjabæjar í árslok líkt og í ársbyrjun.

Stjórn og framkvæmdastjóri Vestmannaeyjaferjunnar Herjólfss ohf. hafa í dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2025 og staðfest hann með undirritun sinni. Stjórn og framkvæmdastjóri leggja til við aðalfund að samþykka ársreikninginn.


Vestmannaeyjum, 23 mars 2026.

Stjórn:

  
Rannveig Isbjörnsdóttir  
Björnstæðind.  
Sælgar W. Kolbein  
Lis Rannveig

  
Ólafur Bergsson  
Kvinnun 4 504

Framkvæmdastjóri:



# Áritun óháðs endurskoðanda

---

Til stjórnar og hluthafa Vestmannaeyjaferjunnar Herjólfss ohf.

## Áritun um endurskoðun ársreikningsins

### Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Vestmannaeyjaferjunnar Herjólfss. („félagið“) fyrir árið 2025. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2025 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2025, í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga.

### Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við gildandi siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

### Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð á eftirliti með gerð ársreikningsins.

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

## Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

---

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins, frh.:

- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

### Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

Vestmannaeyjum, 23 mars 2026.

**KPMG ehf.**

Sigurjón E. Arnarson

## Rekstrarreikningur árið 2025

	Skýr.	2025	2024
<b>Rekstrartekjur</b>			
Framlag Ríkissjóðs samningsbundnar tekjur .....		867.174.932	818.224.768
Seld þjónusta .....		1.362.872.822	1.279.563.402
Seldar veitingar .....		138.243.686	128.526.555
Aðrar tekjur .....	10	13.734.809	310.000
		2.382.026.249	2.226.624.725
<b>Rekstrargjöld</b>			
Kostnaðarverð seldra vara .....		64.411.145	62.113.871
Laun og launatengd gjöld .....	11	1.033.081.838	988.485.914
Rekstur skips, áhalda og tækja .....		867.099.624	782.959.172
Mannvirkjakostnaður .....		101.844.230	70.829.140
Skrifstofu og stjórnunarkostnaður .....		198.306.350	160.810.505
Afskriftir .....	12	22.042.156	67.132.478
		2.286.785.343	2.132.331.080
Rekstrarhagnaður fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld .....		95.240.906	94.293.645
<b>Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld</b>			
Vaxtatekjur .....		29.772.811	30.921.895
Vaxtagjöld .....		( 447.875)	( 756.324)
Gengismunur .....		4.401	( 5.400)
		29.329.337	30.160.171
Hagnaður fyrir tekjuskatt .....		124.570.243	124.453.816
Tekjuskattur .....	13	( 24.918.310)	( 26.155.251)
<b>Hagnaður ársins .....</b>	<b>17</b>	<b>99.651.933</b>	<b>98.298.565</b>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2025

	Skýr.	2025	2024
<b>Eignir</b>			
Óefnislegar eignir .....	14	7.435.390	11.498.934
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	15	244.393.172	87.287.571
Skatteign .....		0	547.897
Fastafjármunir		<u>251.828.562</u>	<u>99.334.402</u>
Viðskiptakröfur .....		53.487.291	24.841.841
Aðrar skammtímakröfur .....		8.893.490	86.686.331
Handbært fé .....		420.292.428	366.655.429
Veltufjármunir		<u>482.673.209</u>	<u>478.183.601</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u><u>734.501.771</u></u>	<u><u>577.518.003</u></u>
<b>Eigið fé</b>			
Hlutfé .....	16	150.000.000	150.000.000
Óráðstafað eigið fé .....		316.304.846	216.652.914
Eigið fé	17	<u>466.304.846</u>	<u>366.652.914</u>
<b>Skuldir</b>			
Tekjuskattsskuldbinding .....	18	7.435.116	0
Langtímaskuldir		<u>7.435.116</u>	<u>0</u>
Viðskiptaskuldir .....		140.076.628	102.291.041
Skuldir við tengda aðila .....	19	21.970.343	3.793.372
Tekjuskattur til greiðslu .....	18	16.935.297	26.466.490
Fyrirframinnheimtar tekjur .....		32.737.309	30.084.615
Aðrar skammtímaskuldir .....		49.042.232	48.229.571
Skammtímaskuldir		<u>260.761.809</u>	<u>210.865.089</u>
Skuldir samtals		<u>268.196.925</u>	<u>210.865.089</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u><u>734.501.771</u></u>	<u><u>577.518.003</u></u>

## Sjóðstreymisýfirlit árið 2025

	Skýr.	2025	2024
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hagnaður ársins .....	17	99.651.933	98.298.565
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....	12	22.042.156	67.132.478
Frestaður tekjuskattur, breyting .....		7.983.013	( 311.239)
Veltufé frá rekstri		129.677.102	165.119.804
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímakröfur, lækkun .....		49.147.391	66.828.148
Skammtímaskuldir, hækkun .....		29.067.055	1.315.582
Fyrirframinnheimtar tekjur, hækkun .....		2.652.694	6.967.891
Breytingar rekstartengdra eigna og skulda		80.867.140	75.111.621
Handbært fé frá rekstri		210.544.242	240.231.425
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	15	( 175.084.213)	( 81.712.057)
Fjárfestingarhreyfingar		( 175.084.213)	( 81.712.057)
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Skuldir við tengda aðila, breyting .....		18.176.971	0
Fjármögnunarhreyfingar		18.176.971	0
<b>Handbært fé á handbæru fé .....</b>		53.637.000	158.519.368
<b>Handbært fé í ársbyrjun .....</b>		366.655.429	208.136.061
<b>Handbært fé í árslok .....</b>		420.292.428	366.655.429

# Skýringar

## 1. Félagið

Vestmannaeyjaferjan Herjólfur ohf. ("Félagið") er íslenskt opinbert hlutafélag og er lögheimili þess að Básaskersbryggju í Vestmannaeyjum. Félagið er dótturfélag Vestmannaeyjabæjar og er ársreikningurinn hluti af samstæðureikningi sveitarfélagsins. Starfsemi félagsins felst í ferjusiglingum milli Vestmannaeyja og Landeyjahafnar / Þorlákshafnar.

## Reikningsskilaaðferðir

## 2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum. Ársreikningurinn er gerður og birtur í íslenskum krónum. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

## 3. Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á skráðu gengi í lok ársins. Gjaldmiðlagengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

## 4. Innlausn tekna

Tekjur af vörusölu eru færðar í rekstrarreikning þegar eignarhald flyst til kaupanda, sem alla jafna er við afhendingu vara. Tekjur af veittri þjónustu eru færðar í rekstrarreikning þegar þjónustan er innt af hendi. Framlög frá Ríkissjóði eru færð í samræmi við gildandi samning.

## 5. Óefnislegar eignir

Aðrar óefnislegar eignir eru keyptur hugbúnaður sem færður er á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum og virðisrýrnun. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Hugbúnaður ..... 5 ár

## 6. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum og virðisrýrnun. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma, þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Fasteignir ..... 50 ár

Innréttingar og skrifstofubúnaður ..... 3-5 ár

Áhöld og tæki ..... 5 ár

Bifreiðar ..... 3 - 5 ár

Viðhaldsslippur ..... 3 ár

## 7. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar niður um 22,9 millj. kr. til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign félagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapsáhættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðskiptakröfum í efnahagsreikningi.

## 8. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af óbundnum bankainnstæðum og innstæðum sem bundnar eru til skemmri tíma en þriggja mánaða.

# Skýringar

## 9. Tekjuskattsskuldbinding

Tekjuskattur ársins samanstendur af tekjuskatti til greiðslu og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema þegar hann varðar liði sem eru færðir beint á eigið fé en í þeim tilvikum er hann færður á eigið fé.

Tekjuskattur til greiðslu er áætlaður tekjuskattur sem greiða skal vegna skattskyldra tekna ársins, miðað við gildandi skatthlutfall á uppgjörssdegi.

Frestaður tekjuskattur er færður vegna tímabundinna mismuna á bókfærðu verði eigna og skulda í ársreikningnum annars vegar og skattverði þeirra hins vegar. Útreikningur á frestuðum tekjuskatti byggist á því skatthlutfalli sem vænst er að verði í gildi þegar tímabundinn mismunur kemur til með að snúast við, miðað við gildandi lög á uppgjörssdegi.

Skatteign vegna yfirfæranlegs taps og frádráttarbærra tímabundinna mismuna er einungis færð að því marki sem líklegt er talið að skattskyldur hagnaður verði til ráðstöfunar í framtíðinni sem unnt verður að nýta skattalega tapið á móti. Skatteign er metin á hverjum uppgjörssdegi og lækkuð að því marki sem talið er líklegt að hún nýtist ekki. Tekjuskattshlutfall félagsins er 20%.

## 10. Aðrar tekjur

Aðrar tekjur greinast þannig:	2025	2024
Styrkir .....	1.500.000	310.000
Tjónabætur .....	12.234.809	0
Aðrar tekjur samtals .....	<u>13.734.809</u>	<u>310.000</u>

## 11. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2025	2024
Laun .....	846.265.400	807.600.459
Dagpeningar og bifreiðastyrkir .....	7.278.800	4.316.200
Mótframlag í lífeyrissjóð .....	114.627.970	107.863.233
Önnur launatengd gjöld .....	74.778.293	71.202.119
Hlutdeild Vegagerðarinnar í launum og launatengdum gjöldum .....	0	( 2.496.097)
Eignfærður launakostnaður vegna slipptöku .....	( 9.868.625)	0
Laun og launatengd gjöld samtals .....	<u>1.033.081.838</u>	<u>988.485.914</u>
Fjöldi starfsmanna í árslok .....	64	67
Fjöldi stöðugilda í árslok .....	48	48
Meðalstöðugildi á árinu (ársverk) .....	57	58

Laun stjórnar og framkvæmdastjóra námu samtals 28 millj. kr. á árinu 2025 (2024: 28 millj. kr.).

## 12. Afskriftir

Afskriftir í rekstrarreikningi greinast þannig:	2025	2024
Afskriftir óefnislegra eigna sbr. skýr 14 .....	4.063.544	4.859.421
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna sbr. skýr 15 .....	17.978.612	62.273.057
	<u>22.042.156</u>	<u>67.132.478</u>

# Skýringar

## 13. Tekjuskattur

Gjaldfærður tekjuskattur í rekstrarreikningi greinist þannig:		<b>2025</b>	<b>2024</b>
Tekjuskattur til greiðslu .....		16.935.297	26.466.490
Breyting á tekjuskattsskuldbindingu skatteign .....		7.983.014	( 311.238)
Tekjuskattur færður í rekstrarreikning .....		<u>24.918.310</u>	<u>26.155.251</u>
Virkt skatthlutfall:		<b>2025</b>	<b>2024</b>
Hagnaður fyrir tekjuskatt .....		124.570.243	124.453.816
Tekjuskattur miðað við gildandi skatthlutfall ....	(20%)	( 24.914.049)	(21%) ( 26.135.301)
Ófrádráttarbær kostnaður .....	0%	( 4.280)	0% ( 4.389)
Aðrar breytingar .....	(0%)	18	0% ( 15.562)
Tekjuskattur færður í rekstrarreikning .....	20%	<u>( 24.918.310)</u>	21% <u>( 26.155.251)</u>

## 14. Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir greinast þannig:		<b>Hugbúnaður</b>
Bókfært verð 1.1.2024.....		16.358.355
Afskriftir .....		( 4.859.421)
Bókfært verð 31.12.2024.....		11.498.934
Afskriftir .....		( 4.063.544)
Bókfært verð 31.12.2025.....		<u>7.435.390</u>
Afskriftahlutföll .....		20%

## 15. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir félagsins greinast þannig:

	<b>Fasteignir</b>	<b>Innréttingar, skipsbúnaður og slíptaka</b>	<b>Áhöld, tæki og bifreiðar</b>	<b>Samtals</b>
Heildarverð 1.1.2024.....	0	150.649.630	9.849.635	160.499.265
Viðbót .....	81.712.057	0	0	81.712.057
Heildarverð 31.12.2024.....	81.712.057	150.649.630	9.849.635	242.211.322
Viðbót .....	0	175.084.213	0	175.084.213
Heildarverð 31.12.2025.....	81.712.057	325.733.843	9.849.635	417.295.535
Afskrifað samtals 1.1.2024.....	0	90.173.111	2.477.583	92.650.694
Afskriftir .....	1.089.254	59.737.670	1.446.133	62.273.057
Afskrifað samtals 31.12.2024.....	1.089.254	149.910.781	3.923.716	154.923.751
Afskriftir .....	1.634.241	14.636.341	1.708.030	17.978.612
Afskrifað samtals 31.12.2025.....	2.723.495	164.547.122	5.631.746	172.902.363
Bókfært verð 31.12.2024.....	80.622.803	738.849	5.925.919	87.287.571
Bókfært verð 31.12.2025.....	78.988.562	161.186.721	4.217.889	244.393.172
Afskriftahlutföll .....	2%	20%-33%	20%	

Á árinu féll til kostnaður vegna slíptöku Herjólfis IV. 175 millj. kr. Eignfærður kostnaður vegna slíptöku er afskrifaður á þremur árum.

# Skýringar

## Fasteignamat og váttryggingarverðmæti

Fasteignamat og váttryggingarverðmæti greinist þannig:	Fasteignamat	Brunabótamat	Váttryggingarverðmæti
Fasteignir .....	30.100.000	54.750.000	53.322.000
Vélar, áhöld og tæki .....			92.515.000
Samtals .....	30.100.000	54.750.000	145.837.000

## 16. Hlutafé

Heildarhlutafé samkvæmt samþykktum félagsins er 150 millj. kr. og fylgir eitt atkvæði hverjum einnar krónu hlut.

## 17. Yfirlit eiginfjárreikninga

	Hlutafé	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2024.....	150.000.000	118.354.349	268.354.349
Hagnaður ársins .....		98.298.565	98.298.565
Eigið fé 31.12.2024.....	150.000.000	216.652.914	366.652.914
Hagnaður ársins .....		99.651.933	99.651.933
Eigið fé 31.12.2025.....	150.000.000	316.304.847	466.304.846

## 18. Tekjuskattsskuldbinding

Tekjuskattsskuldbinding greinist þannig:	2025	2024
Skatteign í ársbyrjun .....	( 547.897)	( 236.658)
Reiknaður tekjuskattur færður í rekstrarreikning .....	24.918.310	26.155.251
Tekjuskattur til greiðslu .....	( 16.935.297)	( 26.466.490)
Tekjuskattsskuldbinding (skatteign) í árslok .....	7.435.116	( 547.897)
Tekjuskattsskuldbinding (skatteign) skiptist þannig í árslok:		
Óefnislegar eignir .....	943.344	1.291.341
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	10.299.126	703.928
Viðskiptakröfur .....	( 3.807.577)	( 2.521.972)
Frestaður gengismunur .....	223	( 21.194)
Tekjuskattsskuldbinding (skatteign) í árslok .....	7.435.116	( 547.897)

# Skýringar

## 19. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru þeir aðilar sem hafa umtalsverð áhrif á félagið, beint eða óbeint, þ.m.t. Móðurfélag, hluthafar með yfirráð eða veruleg áhrif, stjórnarmenn, lykilstarfsmenn og fjölskyldur þeirra sem og aðilar sem er stjórnað af eða eru verulega háðir félaginu, s.s. hlutdeildarfélög og samrekstrarfélög. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila.

Viðskipti við tengda aðila árið 2025:

	<b>Keypt þjónusta og vörur</b>	<b>Seld þjónusta og vörur</b>	<b>Kröfur</b>	<b>Skuldir</b>
Hluthafi .....	43.217.673	1.844.013		21.970.343
	<u>43.217.673</u>	<u>1.844.013</u>	<u>0</u>	<u>21.970.343</u>

Viðskipti við tengda aðila árið 2024:

	<b>Keypt þjónusta og vörur</b>	<b>Seld þjónusta og vörur</b>	<b>Kröfur</b>	<b>Skuldir</b>
Hluthafi .....	46.058.864	1.518.424	0	3.793.372
	<u>46.058.864</u>	<u>1.518.424</u>	<u>0</u>	<u>3.793.372</u>